

Sp.

577. Nefndarálit

[21. mál]

um till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Ríkismati sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda, Félagi Sambands fiskframleiðenda og Lands sambandi íslenskra útvegsmanna.

Lög um Ríkismat sjávarafurða voru samþykkt á Alþingi vorið 1984 og tóku gildi 1. ágúst það ár, nr. 53/1984. Þau hafa því ekki verið í gildi lengur en í rúma sjö mánuði. Þótt um það megi deila hvernig slíku mati sé best fyrir komið hefur enn ekki nægileg reynsla fengist af framkvæmd hinna nýsettu laga. Nefndin leggur því til að tillagan verði afgreidd með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem síðasta löggjafarþing samþykkti lög um Ríkismat sjávarafurða sem tóku gildi 1. ágúst 1984 og Alþingi hefur með því svo nýlega lýst vilja sínum um það hvernig málum þessum skuli háttað sér Alþingi ekki ástæðu til sérstakrar ályktunar um mál þetta nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Kristín S. Kvaran mun skila séráliti.

Alþingi, 14. mars 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Eggert Haukdal.

Björn Dagbjartsson.

Garðar Sigurðsson.

Þórarinn Sigurjónsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.